



**LANDSSAMBAND
ÍSLENSKRA
ÚTVEGSMANNA**

Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími: 591 0300
Fax: 591 0301
www.liu.is

Alþingi - Samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. nóvember 2009
Mál nr. 0911009

Efni: Umsögn, um breytingu á lögum um vitamál nr. 132/1999

Samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn samtakanna varðandi frumvarp um breytingu á lögum um vitamál, þskj. 74 – 74. mál.

Með frumvarpinu er lögð til grundvallarbreyting um að breyta vitagjaldinu í skatt, í stað þjónustugjalds, með því að víkka gjaldheimild vitagjaldsins ”og hún notuð til að standa straum af rekstri og framkvæmdum á vegum Siglingastofnunar”. Í frumvarpinu segir enn fremur að tilgangur frumvarpsins sé að hækka vitagjaldið ”í samræmi við verðlagsbreytingar og þróun gengis.”

Varðandi vitagjaldið sjálft þá stendur það straum af kostnaði sem hlýst af rekstri þeirrar starfsemi sem verður fyrir áhrifum af verðlagsbreytingum. Það er eðlilegt að taka tillit til þeirrar hækkunar, en ekki verður séð af frumvarpinu hvaða beinu tengsl séu á milli þróun gengis evru og ákvörðun vitagjaldsins.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 6/1996, um Siglingastofnun Íslands, þá á almennur kostnaður við starfrækslu Siglingastofnunar Íslands að greiðast af framlögum af fjárlögum. Við sjáum ekki tilefni til þess að breyta vitagjaldinu úr þjónustugjaldi í skatt og leggjum til að horfið verði frá því.

Virðingarfyllst,

Friðrik Friðriksson, hdl.